

Komi til æfplánunar af hálfu ákærða Y, komi 7 daga gæsluvarðhald til frádráttar dæmdri refsivist.

Ákærði Y greiði kr. 11.914,00 vegna réttargæslu Sigmundar Hannessonar héraðsdómslögmanns.

Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur sæti upptöku á 505,3 grömmum af amfetamíni, en efnið er nú merkt efnaskrár nr. 1493 og 1499 í vörslum dómsins.

Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur greiði in solidum kr. 22.089,00 vegna efnagreininga. Sakarkostnað að öðru leyti en sérgreindur hefur verið greiði ákærðu in solidum.

Mánudaginn 17. október 1988.

Nr. 338/1988. **Oliuverslun Íslands hf.**

gegn

Margréti Sverrisdóttur

Kærumál. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Páll Hreinsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu dómsathöfn.

Sóknaraðili hefur samkvæmt b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinni kærðu dómsathöfn til Hæstaréttar með kæru 16. september sl., sem barst Hæstarétti 12. þ.m. Hin kærða áritun um frávisun málsins var gerð á bæjarþingi Reykjavíkur 5. september sl.

Sóknaraðili krefst þess, að ákvörðun héraðsdómara um frávisun málsins verði felld úr gildi og lagt verði fyrir hann að taka málið til efnisúrlausnar. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Mál þetta höfðaði sóknaraðili fyrir bæjarþingi Reykjavíkur sem áskorunarmál með stefnu, útgefinni 9. júní 1988, birtri 13. s.m., til heimtu skuldar vegna vöruúttektar að fjárhæð 41.916,00 krónur. Málið var þingfest 30. s.m. Eftir að hafa verið endurupptekið að beiðni sóknaraðila var því vísað frá héraðsdómi með svofelldri áritun á stefnu:

„Af gögnum málsins er ljóst að stefnandi rekur fasta verslun í Hveragerði. Af 40 móttökukvittunum að dæma, merktum Olis, vörumarkaður Hveragerði, virðist sem að stefnda hafi stofnað ýmist sjálf eða aðilar á hennar vegum, til skuldar við stefnanda á fyrrnefndri starfsstofu hans í Hveragerði með vöruúttektum sínum á verslunarvörum. Skv. gögnum máls á stefnda Margrét Sverrisdóttir heimilisfesti að Hveramörk 10, Hveragerði. Mál til heimtu andvirðis verslunarskulda stefndu er hins vegar þingfest og rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Í sókn kveður stefnandi að fyrrnefndur vörumarkaður sé alfarið í eigu stefnanda og sé öllum rekstri hans stjórnað frá höfuðstöðvum félagsins í Reykjavík. Þegar aðilar taki út vörur í reikning hjá framangreindum vörumarkaði og greiði ekki í mánaðarlok séu reikningarnir sendir til höfuðstöðva félagsins til innheimtu. Á skrifstofum félagsins hér í borg séu skuldurum send regluleg yfirlit yfir skuldastöðu þeirra við félagið, sem og innheimtubréf. Sinni skuldarar ekki þessum áskorunum séu kröfurnar sendar í innheimtu til lögfræðings. Stefnandi kveður áratugalanga dómvenju fyrir því að kröfum af þessu tagi sé stefnt á starfstofuvarnarþingi höfuðstöðva félagsins.

Skv. athugasemdum í greinargerð við 1. mgr. 82. gr. 1. nr. 85/1936 svarar varnarþingsregla greinarinnar til 1. nr. 59/1905 að öðru leyti en því, að fleirum aðilum var gert kleift að notfæra sér hagræði varnarþingsreglunnar. Skv. 1. 59/1905 var heimilt að sækja mál til greiðslu skuldar á hendur skuldunaut í þeirri þinghá, þar sem til skuldarinnar var stofnað (sbr. ummæli í Lyrd. X, 758). Með þetta í huga og þar sem hér er um að ræða undantekningarvarnarþing, verður að telja að skýra beri 1. mgr. 82. gr. 1. nr. 85/1936 skv. orðanna hljóðan og telst því aðeins heimilt að höfða mál til heimtu verslunarskuldar skv. greininni í þeirri þinghá þar sem sú fasta

verslun er, þar sem stefndi stofnaði til skuldarinnar og stefnandi lét vörurnar í té. Verður því ekki talið að stefnanda, sem á fleiri fastar verslanir og hefur höfuðstöðvar fyrirtækisins í annarri þinghá, sé heimilt að höfða mál á varnarþingi höfuðstöðva sinna á grundvelli 1. mgr. 82. gr. 1. nr. 85/1936 í því máli sem hér liggur fyrir, þar sem vörurnar voru ekki látnar þar í té. Þar sem stefnandi hefur ekki sýnt fram á að aðrar varnarþingsreglur leiði til þess að honum sé heimilt að höfða mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur verður að vísa máli þessu frá ex officio. Málskostnaður dæmist ekki.

Máli þessu er vísað frá.

Málskostnaður dæmist ekki.“

Málsástæður sóknaraðila hér fyrir dómi eru hinar sömu og raktar eru í árituninni.

Ekkert er fram komið í málinu um að stefndu sé skylt að svara til saka utan varnarþings síns samkvæmt 73. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Varnarþingsregla 1. mgr. 82. gr. sömu laga er undantekningarregla, sem í þessu tilviki telst ekki heimilt að skýra rýmra en orð hennar segja svo sem greinir í áritun héraðsdómara. Ber því að staðfesta hana.

Krafa um kærúmálskostnað verður ekki tekin til greina.

D ó m s o r ð:

Hin kærða frávisunaráritun er staðfest.

Kærúmálskostnaður fellur niður.